

## **Borgarráð 11. janúar 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um samning við KLAKE-Icelandic Startups MSS21120164**

Samningur við KLAKE-Icelandic Startups var framlengdur á vettvangi borgarráðs 11. janúar sl. Samningurinn er til tveggja ára og snýr að áframhaldandi samstarfi og framkvæmd viðskiptahraðalsins Hringiðu sem hefur það að markmiði að draga fram, efla og styðja við nýsköpunarverkefni fyrirtækja og stofnana sem byggja á hugmyndafræði hringrásarkerfisins og Gulleggsins, stærstu frumkvöðlakeppni landsins. Í inngangi kemur fram að tilgangurinn sé að styrkja frumkvöðlastarf á Íslandi: Spurning frá fulltrúa Flokks fólksins er hvort útsvarsgreiðendur í Reykjavík eigi að bera ábyrgð á því að styrkja frumkvöðlastarf á landsvísu? Á ekki ríkið að sjá alfarið um styrkveitingar sem þessar vegna umfangs á landsvísu? Fulltrúi Flokks fólksins gerir sé góða grein fyrir mikilvægi frumkvöðla og frumkvöðlastarf en spurning er hvort borgarsjóður eigi að standa undir styrkgreiðslum á landsvísu sérstaklega nú þegar Reykjavíkurborg hefur varla fjármagn til að sinna lögbundinni þjónustu.